



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 17. maí 2023
MÍ202304-0132/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Íbúðarsvæði ÍB5 á Höfn, Sveitarfélagið Hornafjörður - lýsing á breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið umsagnarbeiðni Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 28. apríl 2023 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og gerð nýs deiliskipulags fyrir íbúðarsvæði ÍB5 á Höfn. Meðfylgjandi var skipulagslýsingin, dags. 29. mars 2023.

Til að bregðast við miklum skorti á íbúðarhúsnæði í þéttbýlinu á Höfn hefur sveitarstjórn ákveðið að undirbúa uppbyggingu á íbúðarsvæði í norðurhluta bæjarins sem hefur auðkennið ÍB5 í gildandi aðalskipulagi.

Með breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir að auka við þéttleika og stækka reitinn til austurs til að byggðin geti samræmst betur landslaginu og að landið nýtist vel. Gert er ráð fyrir að breytingin á skipulaginu kveði á um fjölbreytni í íbúðargerð og stærðum og að svæðið tengist vel aðlægrri byggð og þjónustusvæðum. Land austan reits ÍB5 er flokkað sem opið svæði (Syðri-Silavíkurhóll) og landbúnaðarsvæði.

Í nýju deiliskipulagi verða götur og lóðir afmarkaðar og tilgreint hvaða húsagerðir verða á hverri lóð með áherslu á fjölbreyttar íbúðir og ferðamáta. Gera má ráð fyrir að deiliskipulagningin verði í tveimur áföngum.

Í greinargerðinni kemur fram að ekki sé vitað um menningarminjar innan svæðisins en þær verði kannaðar í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Gert er ráð fyrir að í umhverfismatinu muni athyglin beinast að ákveðnum umhverfisþáttum. Menningarminjar eru ekki þar á meðal.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið sem hér er til umsagnar. Ekki liggur fyrir skráning húsa og mannvirkja innan svæðisins. Samkvæmt afmörkun svæðisins inn á Skipulagsgáttinni virðast engar byggingar standa innan þess en svæðið er framræst að hluta.

Puríður Elísa
Harðardóttir

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Skráning menningarminja liggur ekki fyrir innan þess svæðis sem hér er verið að fjalla um. Skráning fornleifa er í vinnslu en verkefninu hefur úthlutað skráningarnúmeri. Ekki virðast nein hús eða mannvirki vera innan svæðisins. Ef hús eða mannvirki eru innan deiliskipulagssvæðisins þarf að taka saman yfirlit um þau þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: götuheiti og númer og/eða heiti húss ef það á við, byggingarár skv. Fasteignaskrá og hönnuður sé hann þekktur.

Taka þarf tillit til minja ef þær finnast á svæðinu við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/umhverfisskýrslu. Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á deiliskipulagssupprátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem og tillaga að deiliskipulagi þarf að koma til umsagnar hjá Minjastofnun þegar skráning liggur fyrir. Í kjölfarið getur Minjastofnun tekið afstöðu til þess hvort menningarminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið á tilteknu svæði fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 auk þess sem sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráningu skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllt,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands